



## 44.þing Skotíþróttasambands Íslands.

Þingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 2.apríl 2022

### Þingsetning

Halldór Axelsson formaður STÍ setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna.

### Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Kosnir eru: Magnús Ragnarsson, Jórunn Harðardóttir og Jón B. Kristjánsson

### Kosning þingforseta og ritara.

- Þingforseti er kosinn Jón S. Ólason
- Þingritari er kosinn Helga Jóhannsdóttir

### Kosið í fastanefndir þingsins

#### Fjárhagsnefnd:

- Guðmundur Kr Gíslason
- Ómar Ö. Jónsson
- Engilbert Runólfsson

#### • Laganefnd:

- Arnbergur Þorvaldsson
- Óskar Arnórsson
- Elías M. Kristjánsson

#### • Allsherjarnefnd:

- Halldór Axelsson
- Guðmann Jónasson
- Kristinn T. Gunnarsson

### Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

Halldór Axelsson, formaður STÍ, flytur skýrslu stjórnar

Skotþing er nú haldið í fyrsta sinn með eðlilegum hætti frá upphafi kóróna faraldurs.

Margir þættir í okkar starfi hafa riðlast á liðnu ári bæði vegna faraldursins en einnig vegna breyttra áherslna hjá okkar stærstu regnhlífarsamtökum ISSF og ESC. Ljóst er að þörf er á að endurskoða marga þætti starfseminnar sem snúa að menntun, þjálfun og afreksstarfi og er sú vinna þegar hafin.

Ný verkefni sem snúa að aðild okkar að FITASC í Compak Sporting og auknum áhuga á Bench Rest eru einnig fyrirleggjandi og munum við leita til ÍSÍ sem fyrr um ráðgjöf en einnig til ykkar sem eruð í forsvari fyrir aðildarfélögin.

Nánast allt námskeiðshald hefur legið niðri á síðustu tveimur árum og munum við leggja áherslu á að byggja upp okkar starf við breyttar aðstæður með auknum áherslum á þeim vettvangi. Munum við fjalla betur um þessi atriði síðar á þinginu undir liðnum önnur mál.

Iðkun skotíþrótt á Íslandi hefur aldrei verið meiri og samkvæmt síðustu starfskýrslum eru iðkendur 5988 frá 17 héraðssamböndum. Með stöðugri aukningu iðkenda eru aðstöðumál aðildarfélaganna æ brýnni, en sem í mörgum öðrum íþróttum eru mörg bæjarfélög illa upplýst og jafnvel áhugalaus um mikilvægi aðstöðu til æfinga og keppni. Skotíþróttir eiga jafnvel við stærri vanda að etja en flestar aðrar íþróttir þar sem að öll aðstaða utandyra krefst staðsetningar utan bæjarkjarna vegna hávaðamengunar.

Þrátt fyrir mikla fjölgun iðkenda á undanförunum árum hefur útiskotsvæðum fækkað og er komið svo að horfir til vandræða, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu þar sem landrými er af skornum skammti. Er ljóst að við þurfum að standa saman í þessari baráttu og hvetjum við sambandsaðila til að upplýsa bæjarfélög og stjórnvöld um ágæti okkar íþróttar og mikilvægi aðstöðu til öruggrar iðkunar á einni fjölmennustu íþrótt sem stunduð er hérlendis.

Þrátt fyrir erfið skilyrði til æfinga og keppni vegna Kóróna faraldurs og aðstöðuleysis var árangur keppenda árið 2021 með ágætum og verður hér farið yfir helstu verkefni og Íslandsmet í tímaröð.

#### 9.maí:

Landsmót STÍ í Skeet í Hafnarfirði.

Pétur T Gunnarsson SR jafnar Íslandsmet í final 56/60

#### 10.maí:

Heimsbikarmót ISSF í Lonato á Ítalíu.

Ísland sendi fjóra keppendur, tvo í karlaflokki og tvo í flokki kvenna.

Bestum árangri náði Hákon Þór Svavarsson 116/125

#### 2.júní:

Evrópumeistaramót ESC í öllum greinum í Osijek í Króatíu.

Ísland sendi sex keppendur þrjá karla og tvær konur í Skeet og einn keppanda í 50m og 300m riffli.

Bestum árangri náði Jón Þór Sigurðsson í 300m riffli og setti magnað Íslandsmet 595/600

#### 6.júní:

Landsmót STÍ í Norrænu Trappi á Blönduósi.

Sigurður Pétur Stefánsson MAV setur Íslandsmet í unglingsflokk karla 101/150

Snjólaug M Jónsdóttir MAV setur Íslandsmet í kvennaflokki 115/150

#### 22.júní:

Ásgeir Sigurgeirsson vinnur sér keppnisrétt á ÓL í Tókíó í Loftskammbyssu.

Við úthlutun á síðustu tveimur síðustu Kvótasætunum í loftskammbyssu er Ásgeir stigahæstur og ávinnur sér keppnisrétt.

#### 12.júlí:

Landsmót STÍ í Skeet í Hafnarfirði.

Helga Jóhannsdóttir SÍH setur nýtt Íslandsmet í Skeet kvenna 107/125

16.-17.júlí:

Íslandsmeistaramót STÍ BR 50 á Akureyri.

Fimm ný Íslandsmet voru sett á mótinu.

**Heavy Varmint:** Kristján Arnarson SKH 741-33x stig

**Light Varmint:** Wimol Sudee SKH 724-29x stig

**Light Varmint Unglingar:** Sóley Þórðardóttir SA 628-13x stig

**Sporter:** Kristján Arnarson SKH 735-28x stig

**Sporter Unglingar:** Sóley Þórðardóttir SA 611-5x stig

24.júlí:

Ásgeir Sigurgeirsson lýkur keppni á ÓL í Tókíó á 570/600 í 28.sæti af 36 keppendum.

25.ágúst:

Lapua European Cup Árósum í Danmörku.

Ísland sendi einn keppanda Jón Þór Sigurðsson sem keppti í 300m liggjandi 587/600

25.ágúst:

Evrópumeistaramót FITASC í Compak Sporting Signes í Frakklandi.

Ísland átti þrjá keppendur á mótinu og bestum árangri náði Felix Jónsson í unglingsflokkum hann hafnaði í 17. Sæti 164/200

29.ágúst:

Íslandsmeistaramót STÍ í Norrænu Trappi á Blönduósi.

Þrjú ný Íslandsmet voru sett á mótinu.

Snjólaug M Jónsdóttir MAV í kvennaflokkum 122/150

Liðakeppni karla: Jón Valgeirsson, Stefán Kristjánsson og Þórir Ingi Friðriksson SÍH, 370 stig

Liðakeppni unglings karla: Elyass Kristinn Bouanba, Jón Gísli Stefánsson og Haraldur Holti Línal MAV með 233stig.

12.september:

Grand Prix of Cyprus á Kýpur.

Jón Valgeirsson nær frábærum árangri í Compak Sporting

Sjötta sæti af 130 keppendum í opnum flokki. 187/200

3.október:

Úrslit Lapua Cup mótaraðarinnar í Winterthur í Sviss.

Jón Þór Sigurðsson keppir í úrslitakeppni Lapua Cup fyrstur Íslendinga 570/600

23.október:

Íslandsmeistaramót Sport Skammbýssa í Kópavogi.

Ívar Ragnarsson SFK setur nýtt Íslandsmet í flokki karla 571/600

Og SFK í liðakeppni Friðrik Goethe, Ívar Ragnarsson og Jón Þór Sigurðsson 1687 stig.

24.október:

Íslandsmeistaramót Gróf Skammbýssa í Kópavogi.

Ívar Ragnarsson SFK setur Íslandsmet í flokki Karla 570/600

Og SFK í liðakeppni Friðrik Goethe, Ívar Ragnarsson og Jón Þór Sigurðsson 1680 stig.

30.október:

Íslandsmeistaramót 50m liggjandi riffli í Kópavogi.

Bára Einarsdóttir SÍ setur Íslandsmet í kvennaflokki 618,3

11.desember:

Landsmót STÍ 50m Liggjandi riffli í Reykjavík.

Viktoría Erla Þ. Bjarnason SR setur Íslandsmet í unglingsflokki kvenna 576,9 stig.

16.desember:

Ásgeir Sigurgeirsson og Helga Jóhannsdóttir eru valin Skotíþróttakarlar og kona ársins 2022.

Ég vil að lokum þakka sambandsaðilum samstarfið á liðnu ári og vona að félög og samband vinni enn þéttar saman á komandi árum skotíþróttum til heilla.

Fyrir hönd stjórnar Skotíþróttasambands Íslands,

Halldór Axelsson formaður

### **Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar**

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri stjórnar skýrir reikninga. Hann fer yfir stöðu skulda og tekna og segir sambandið standa mjög vel. Rekstrartekjur voru heldur lægri en á fyrra ári en afkoman var góð og eiginfjárstaðan þannig að hægt er að sinna afreksstarfinu betur en áður. Rekstrarhagnaður var 6,5milljónir

- Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun næsta árs er lögð fram.

**GJÖLD:**

	<u>Krónur</u>
Þjálfun,kennsla,námskeið ofl	8.000.000
Skrifstofukostnaður	4.800.000
Afrekssvið, ráðgjöf ofl.	3.500.000
Æfingabúðir landsliða	1.000.000

Þátttaka í erlendum mótum	7.800.000
Annað ófyrirséð	4.400.000
Alls	29.500.000

#### TEKJUR:

Lottó	8.000.000
Útbreiðslustyrkur	4.000.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	3.140.000
Aftekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni	8.250.000
Ólympíusamhjálpin	1.200.000
Aðrar tekjur	4.910.000
Alls:	29.500.000

#### TEKJUAFGANGUR

0

- Fjárhagsáætlun er samþykkt samhljóða.

Næst tók til máls fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Kolbrún Sigurgeirsdóttir. Færði hún fundarfólki kveðjur formanns ÍSÍ og framkvæmdastjórnar. Fór hún yfir íþróttamál almennt og sagði ánægjulegt hve staða sambandsins er góð og vel haldið á spilunum af stjórn. Þakkaði hún ánægjulegt samstarf við stjórn og óskaði sambandinu velfarnaðar á næstu árum, því verkefni væru mörg.

#### Kosning til stjórnar

Í framboði til aðalstjórnar eru aðeins tveir og því sjálfkjörnir til 2ja ára:

- Guðmundur Kr Gíslason, SR
- Jórunn Harðardóttir, SR

Í framboði til varastjórnar er einn og því sjálfkjörinn til 2ja ára:

- Kristvin Ómar Jónsson, SKV

Formaður situr áfram í eitt ár :

- Halldór Axelsson, SR

Áfram sitja í aðalstjórn til eins árs:

- Ómar Örn Jónsson, SA
- Helga Jóhannsdóttir, SÍH

Áfram situr í varastjórn til eins árs:

- Kjartan Friðriksson, SR

## **Stjórn leggur fram tillögu um skipun nefnda:**

### **Skoðunarmenn reikninga:**

- Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
- Jónas Hafsteinsson, SFK

### **Varamenn:**

- Arnbergur Þorvaldsson, SR
- Jónas Andrússon, SK

### **Mótanefnd:**

- Ómar Ö. Jónsson, SA
- Jórunn Harðardóttir, SR
- Jakob Þ. Leifsson, SFS

### **Varamenn:**

- Sigurður I. Jónsson, SFK
- Elías M. Kristjánsson, SKA
- Valur Richter, SÍ

### **Dómaranefnd:**

- Helga Jóhannsdóttir, SÍH
- Magnús Ragnarsson, SKS
- Halldór Axelsson, SR

### **Varamenn:**

- Þórir Ingvarsson, SFK
- Sigurgeir Arnþórsson, SR
- Ívar Erlendsson, SÍH

### **Aganefnd:**

- Jón S. Ólason, SKA
- Bjarni Sigurðsson, SK
- Halldór Axelsson, SR

### **Varamenn:**

- Arnbergur Þorvaldsson, SR
- Helga Jóhannsdóttir, SÍH
- Sigurður Á. Sigurðsson, SA

### Ritnefnd:

- Guðmundur Kr. Gíslason, SR
- Ómar Ö. Jónsson, SA
- Vignir J. Vignisson, SR

### Varamenn:

- Guðrún Hjaltalín, SKA
- Kjartan Friðriksson, SR
- Kristvin Ómar Jónsson, SKV

Tillagan er samþykkt samhljóða.

### Önnur mál

- Lagt var til að Skotþingið mótmælti lokun á Skotsvæði SR. Var gerður texti og var samþykkt að stjórn STÍ lagaði hann til.
- Lagabreytingar. Lagt var til lagabreyting á 13.grein laga STÍ.
  - I) Að stofna nefndir þegar þörf er á. Var það samþykkt einróma.
- Breytingar á fulltrúum á Skotíþróttabing. Tvær tillögur komu fram, frá stjórn og svo frá SFK. SFK tillagan var svo samþykkt en þar breytist hlutfall þingfulltrúa og er orðalagið í 8.grein laganna þannig í dag:
  - Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda skotíþróttá. **Fyrir 20 til 200 iðkendum koma 2 fulltrúar og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja byrjaða 150 þar fram yfir, þar til að fulltrúafjöldi hefur náð 10 en þá kæmi 1 fulltrúi fyrir hverja byrjaða 300 eftir það.**
- Umræða um keppnis og félagaskiptagjald.

Kom tillaga um að keppnisgjald unglunga verði felld niður. Eins hvort ætti að segja hámark á keppnisgjald keppenda á ársgrundvelli, eftir vissa upphæð ætti ekki að rukka keppnisgjald á keppanda. Rætt hvort ætti að rukka hóflega upphæð á félagá á ársgrundvelli til STÍ og eru skiptar skoðanir á því.
- Samþykkt var að STÍ velji fulltrúa á ÍSÍ þing.
- Reglugerð um Íslandsmót. Tillaga að breytingu Landsmóta yrði:

Landsmót yrði ekki haldið nema að keppendafjöldi við upphafs móts sé a.m.k. 6 manns og frá minnst 2 aðildarfélögum STÍ.
- Reglugerð varamanna í liðakeppni:

Lið og varamenn skulu tilkynntir fyrir mót.
- Hugmynd að breytingu öllum mótum STÍ yrði breytt í sameiginlegum opnum flokki, þar sem bæði kyn, sem og unglingar keppa saman. Íslandsmet skulu skráð í karla, kvennaflokki og unglingaflokki. Bæði kyn geta skipað sama keppnislið. Á Íslandsmóti er þó keppt í aðskildum kynjaflokkum ef keppendafjöldi við upphafs móts er a.m.k 6 manns og frá 2 aðildarfélögum STÍ.

Komu líflegar umræður um efnið bæði með og á móti:- kom að nýliðun hjá konum yrði enginn. -Að konur yrðu betri með meiri samkeppni.- þær næðu ekki lágmarks fjölda í final. Unglingar vildu ekki keppa í opnum flokki.- Það væri þá vandamál að fá konur og unglunga að keppa, þá fengu þau ekki verðlaun. -Það sé ekki gaman þegar t.d. 4 karlar og ein kona séu að keppa og konan þarf að hleypa einu skoti af og sé búin að vinna.-Það skipti ekki máli hvort að

það sé kynjaskipt eða ekki, það sé engin nýliðun.-Hefur alltaf keppt í sameiginlegum flokki og hefur það ekki skipt máli. -Unglingar eigi ekki að keppa með fullornum, séu jafnvel með ódýrari útbúnað en fullorðnir.-Konur draga aðrar konur að sér, að keppa sín á milli sé betra fyrir þær að draga nýjar að.- að ef fjöldi kvenna sé ekki nægur, þá verði mótið sameiginlegt.- Unglingur er einn í Skeet og kemst hann ekki í final né fær enga samkeppni.- að keppa sameignlega komi konum lengra.

- Lagt fyrir hvernig nefndir séu valdar. Hvort stjórn velji eða þing. Samþykkt var að þing velur í nefnd og stjórn velur 1 mann.
- Þingið valdi:
  - Þjálfaranefnd: Sigurður Ingi og Magnús Ragnarsson
  - Dómaranefnd: Magnús Ragnarsson
- Stjórn og nefndir yrði sýnilegt inn á heimasíðu STÍ. Lagt til að Stjórnar og fundargerðir STÍ yrðu inni á heimasíðunni í framtíðinni.
- Flokkaárangur yrði sýnilegur á heimasíðu STÍ.
- Hugmynd að flokkakerfið falli út og fá annað kerfi í staðinn.
- Hvað ætti þá að koma inn í staðin?- Viðurkenning á árangri og viðurkenningar atburður hjá unglíngum, þurfi að ræða þetta betur.
- Koma eigi með nýliða og unglíngastaf. Herferð með ungmennafélögum um landið með Íþróttir fyrir alla.( líka fatlaða) Nýliða herferð. Hugarfarsbreytingar hjá almenningi.
- Ætlar STÍ að vera með keppnir fyrir fatlaða einstaklinga? Lauslega rætt og skoðað ef þörf krefur.  
-Íþróttasamband Fatlaða stendur fyrir því starfi, ekki STÍ.
- 43 þingfulltrúar sátu þingið

Þingi slitið

Halldór Axelsson formaður STÍ, þakkar gott þing, málefnalega umræðu og óskar þingheimi velfarnaðar í störfum sínum

Jón S. Ólason þingforseti þakkar gott þing og slítur þingi.

Reykjavík, 2.apríl 2022

Halldór Axelsson formaður STÍ

Helga Jóhannsdóttir þingritari